



Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2008 er til afgreiðslu í borgarráði í dag fimtudaginn 2. október.

Rekstur Reykjavíkurborgar skiptist í A hluta og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, þ.e. rekstur málaflokka, og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

## Rekstur

Tafla 1 Úr rekstraryfirliti og sjóðstreymisyfirliti fyrir tímabilið jan.-júní 2008 - í þús. kr.

	<b>Borgarsjóður A hluti Jan-júní 2008</b>	<b>Samantekið A og B hluti Jan-júní 2008</b>
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Skatttekjur .....	24.329.892	23.898.813
Aðrar tekjur .....	4.369.761	17.473.981
Rekstrartekjur samtals:	<u>28.699.653</u>	<u>41.372.794</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	15.294.244	19.158.533
Annar rekstrarkostnaður .....	13.350.310	14.733.299
Afskriftir .....	997.707	5.144.284
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og áhrif hlutdeildarféлага</b>	<b>-942.608</b>	<b>2.336.678</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	548.237	-25.054.286
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага</b>	<b>-394.371</b>	<b>-22.717.608</b>
Tekjuskattur .....	0	3.324.288
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga o.fl...	0	1.306.536
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-394.371</b>	<b>-18.086.784</b>
Veltufé frá rekstri .....	2.975.748	7.274.779
Handbært fé frá rekstri .....	11.660.147	15.378.793
Fjárfestingarhreyfingar .....	-3.353.800	-18.886.465
Fjármögnunarhreyfingar .....	-685.450	15.449.271

Í fjárhagsáætlun tímabilsins fyrir A hluta var gert ráð fyrir því að niðurstaða fyrir fjármagnsliði yrði jákvæð um 2,7 milljarða króna og heildarniðurstaða ársins jákvæð um 4,4 milljarða króna. Fyrir A og B hluta var gert ráð fyrir í áætlun tímabilsins um 7,3 milljarða króna jákvæðri niðurstöðu fyrir fjármagnsliði og jákvæðri heildarniðurstöðu um 5,6 milljarða króna.

Tekjur samstæðu A og B hluta eru um 6,9 milljörðum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Meginskýringin er sú að sala á byggingarétti varð mun minni en áætlun gerði ráð fyrir og skatttekjur eru lægri vegna lækkunar útsvarstekna. Hvað gjaldahliðina varðar þá eru rekstrargjöld samstæðu A og B hluta lægri en áætlun sem nemur 1,9 milljörðum

Fjármunatekjur A hluta voru 1,1 milljarði lægri en áætlað var sem skýrist að mestu af lækkun íslensku krónunnar. Fjármagnsgjöld A og B hluta voru hins vegar 23,3 milljörðum yfir áætlun, sem skýrist hárrí verðbólgu tímabilsins og gengislækkun krónunnar.

## Eignir og skuldir

**Tafla 3 Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings - í þús kr.**

	<b>A hluti 30.jún.08</b>	<b>Samantekið A og B hluti 30.jún.08</b>
<b>Eignir:</b>		
Fastafjármunir .....	66.076.677	303.342.393
Veltufjármunir .....	31.968.759	48.330.906
<b>Eignir samtals:</b>	<u>98.045.436</u>	<u>351.673.299</u>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
Eigið fé .....	57.749.470	131.631.811
Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum .....	0	8.156.093
Lífeyrisskuldbindingar og aðrar skuldb .....	14.837.524	17.297.374
Langtímaskuldir .....	7.736.619	165.298.155
Skammtímaskuldir .....	17.721.823	29.289.866
<b>Eigið fé og skuldir samtals:</b>	<u>98.045.436</u>	<u>351.673.299</u>

Eignir A hluta eru 98 milljarðar, hækka úr 88,5 milljörðum króna eða um 9,5 milljarða. Skuldir A hluta hækka úr 16,4 milljörðum í 25,5 milljarða eða um 9,1 milljarð og skuldbindingar hækka um 0,8 milljarða, úr 14,0 milljörðum í 14,8 milljarða. Eigið fé A hluta lækkar um 0,4 milljarða úr 58,1 milljarði í 57,7 milljarða, sem skýrist af rekstrarniðurstöðu.

Eignir A og B hluta nema nú 351,7 milljörðum króna og hafa vaxið um 37,5 milljarða króna á tímabilinu. Heildarskuldir A og B hluta að frátöldum skuldbindingum eru 194,6 milljarðar króna en voru 135,9 milljarðar króna í árslok 2007 og hafa því aukist um 58,7 milljarða króna. Skuldbindingar lækkuðu um 2,2 milljarða króna á tímabilinu. Eigið fé A og B hluta lækkar um 19,0 milljarða úr 158,8 milljörðum í 139,8 milljarða,

Veltufjárhlutfall hjá A og B hluta var 1,65 í lok tímabils á móti 1,68 í árslok 2007. Hjá A hluta var hlutfallið 1,80 í lok tímabilsins en 2,62 í árslok 2007.

Reykjavík 2. október 2008